

Fréttatilkynning

Reykjavík, 20. febrúar 2003

Sláturfélag Suðurlands Afkoma ársins 2002

Rekstrarhagnaður Sláturfélags Suðurlands á árinu 2002 var 19 milljónir króna, en 59 milljón króna tap var á árinu áður. Bætt afkoma stafar fyrst og fremst af lækkun fjármagnsgjalda milli ára. Rekstrarárið einkenndist af mikilli samkeppni sem leiddi til fækkunar aðila í slátrun og í kjötiðnaði en afkoma beggja greina var óviðunandi á árinu. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er þó áfram traust með eigið fé tæpar 1.217 milljónir og 42% eiginfjárlutfall.

Rekstrartekjur Sláturfélags Suðurlands voru 3.709 milljónir á árinu 2002, en 3.468 milljónir á árinu 2001 og aukast um 7% frá fyrra ári.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 3.489 milljónum samanborið við 3.252 milljónir árið áður og aukast um 7% milli ára. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 154 milljónir en 147 milljónir árið 2001. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 66 milljónir, en var 70 milljónir árið áður. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 6 milljónir en á árinu á undan voru fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur 124 milljónir. Lækkun fjármagnsgjalda skýrist fyrst og fremst af 60 milljón króna gengishagnaði en árið áður var 73 milljón króna gengistap. Undir fjármagnsliðum er 27 milljón króna gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 25 milljónir króna.

Tap af rekstri hlutdeildarféлага var 45 milljónir króna en 2 milljón króna hagnaður var árið áður. Skattar voru tæpar 8 milljónir. Hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands var 19 milljónir en 59 milljón króna tap var árið áður.

Veltufé frá rekstri var á árinu 171 milljón samanborið við 160 milljónir árið áður.

Í árslok 2002 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 2.932 milljónir. Skammtímaskuldir voru 851 milljónir, langtímaskuldir voru 864 milljónir og eigið fé 1.217 milljónir. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2002 var 42% en var 41% á sama tíma árið áður. Veltufjárlutfall var 1,3 í árslok 2002 óbreytt frá fyrra ári. Arðsemi eiginfjár var 2% en rýrnaði að raunvirði um 5% á árinu 2001. Unnin ársverk á árinu 2002 voru 339 en 340 árið áður.

Ársreikningur Sláturfélagsins er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga. Ársreikningur ársins 2001 var gerður sem samstæðureikningur Sláturfélags Suðurlands svf. og SS Afurða ehf., en nú er það ekki þar sem SS Afurðir ehf. sameinaðist Sláturfélaginu 1.1.2002. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði hagnaður ársins orðið 12,6 milljónum lægri og eigið fé 32,3 milljónum lægra.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundi í dag. Prentaður ársreikningur verður tilbúinn til dreifingar eigi síðar en 20. mars n.k., jafnframt því sem hægt verður að nálgast hann á heimasíðu félagsins.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur

| Rekstur | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|--|--------------|---------------|--------------|--------------|--------------|
| Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs. | | | | | |
| Rekstrartekjur..... | 3.708,8 | 3.468,2 | 3.097,5 | 2.878,6 | 2.770,8 |
| Rekstrargjöld án afskrifta..... | 3.488,9 | 3.251,6 | 2.794,3 | 2.609,2 | 2.519,4 |
| Afskriftir..... | 154,4 | 147,0 | 136,1 | 124,0 | 109,2 |
| Rekstrarhagnaður (tap)..... | 65,5 | 69,6 | 167,1 | 145,4 | 142,2 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)..... | 6,1 | (124,3) | (68,2) | (15,2) | (22,7) |
| Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarféлага..... | (45,0) | 1,9 | 1,4 | 3,8 | (0,7) |
| Hagn. (tap) fyrir skatta..... | 26,6 | (52,8) | 100,3 | 134,0 | 118,8 |
| Tekju- og eignarskattur..... | (7,6) | (5,8) | (9,8) | (10,9) | (7,8) |
| Hagnaður (tap) ársins..... | 19,0 | (58,6) | 90,5 | 123,1 | 111,0 |
| Veltufé frá rekstri | 171,3 | 159,7 | 269,5 | 242,7 | 231,2 |

| Efnahagur | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs. | | | | | |
| Fastafjármunir..... | 1.804,2 | 1.764,9 | 1.586,0 | 1.473,6 | 1.348,1 |
| Veltufjármunir..... | 1.127,6 | 1.159,8 | 935,0 | 773,4 | 670,4 |
| Eignir samtals..... | 2.931,8 | 2.924,7 | 2.521,0 | 2.247,0 | 2.018,5 |
| Eigið fé..... | 1.216,7 | 1.184,6 | 1.179,8 | 1.076,2 | 911,0 |
| Þar af A og B-deild stofnsjóðs..... | 411,2 | 419,3 | 410,6 | 407,3 | 412,3 |
| Langtímaskuldir..... | 864,3 | 845,5 | 867,7 | 764,3 | 699,8 |
| Skammtímaskuldir..... | 850,8 | 894,6 | 473,5 | 406,5 | 407,7 |
| Skuldir samtals..... | 1.715,1 | 1.740,1 | 1.341,2 | 1.170,8 | 1.107,5 |

Kennitölur

| | | | | | |
|---|------|--------|------|------|------|
| Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum..... | 0,5% | (1,7%) | 2,9% | 4,3% | 4,0% |
| Veltufjárhlutfall..... | 1,3 | 1,3 | 2,0 | 1,9 | 1,6 |
| Eiginfjárhlutfall..... | 42% | 41% | 47% | 48% | 45% |
| Innra virði..... | 3,0 | 2,8 | 2,9 | 2,6 | 2,2 |
| Arðsemi eigin fjár..... | 2% | (5%) | 8% | 12% | 13% |

Ársverk

| | | | | | |
|--------------------|-----|-----|-----|-----|-----|
| Unnin ársverk..... | 339 | 340 | 339 | 336 | 327 |
|--------------------|-----|-----|-----|-----|-----|

Helstu atriði úr rekstri

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 97 mkr. á árinu, en fyrir 161 milljón króna árið áður. Vegna fasteigna var varið 26 milljónum, 65 milljónum til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum, aðallega fyrir kjötvinnslu á Hvolsvelli og 6 milljónir vegna bifreiða. Á árinu voru seldir fastafjármunir fyrir 8 milljónir.

Fjárfesting í eignarhlutum í félögum nam 133 milljónum en 58 milljónum árið áður. Á árinu var gengið frá kaupum á hlut í kjötvinnslufyrirtækinu Ferskum kjötvörum ehf. og aukin hlutabréfaeign félagsins í Guldfoss A/S í Danmörku og selt af hlutabréfaeign félagsins í Ísfugli ehf. Í lok júlí var undirritað samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Þar sem áreiðanleikakönnun er ekki lokið, þá er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í ársuppgjöri Sláturfélagsins 2002.

Mikil áhersla hefur verið á vöruþróun undanfarin ár og árið 2002 var engin undantekning. Stefna félagsins er að 10% af sölu hvers árs í kjötiðnaði komi frá nýjum framleiðsluvörum.

Sláturfélagið flytur inn vörur frá þekktum og leiðandi fyrirtækjum. Innflutningsdeild félagsins hefur vaxið á undanförunum árum og náð góðum árangri við markaðssetningu einstakra vörutegunda, má þar nefna m&m sælgæti, Barilla pasta, Uncle Ben's hrísgrjón og sósur, og krydd frá McCormick. Einnig flytur Sláturfélagið inn áburð frá Norsk Hydro.

Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 4. apríl n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 5% arður af nafnverði hluta í B-deild stofnsjóðs alls 10 milljónir króna og 3% vextir verði reiknaðir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs alls 6,3 milljónir. Ekki var greiddur arður né reiknaðir vextir árið 2002. Viðmiðunardagur arðsúthlutunar er aðalfundardagur. Arður verður greiddur út eigi síðar en 31. maí.

Horfur á árinu 2003

Afkoma félagsins á árinu 2002 var óviðunandi og einkenndist af mikilli verðsamkeppni og offramboði á kjötmarkaðnum sem hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er þó sterk, jafnframt því sem markaðshlutdeild félagsins er að vaxa á kjötmarkaðnum í kjölfar kaupa á kjötvinnslufyrirtækjum.

Stefna félagsins er að vera leiðandi matvælafyrirtæki á heildsölustigi. Vel útbúin kjötvinnsla félagsins á Hvolsvelli skapar félaginu möguleika til að auka sölu unninna kjötvara innanlands og vonast er til að kaup á kjötvinnslufyrirtækjum styrki rekstur félagsins til lengri tíma lítið.

Fækkun sláturhúsa félagsins ásamt endurbótum sem gerðar hafa verið hafa skapað grundvöll fyrir góða nýtingu þeirra og hagkvæman rekstur sem nýttur verður enn betur á komandi árum. Innflutningsdeild með leiðandi vörumerki styrkir jafnframt samkeppnishæfni félagsins. Á næstu árum verður unnið að frekari uppbyggingu Sláturfélagsins þannig að það geti áfram sinnt hlutverki sínu sem leiðandi matvælafyrirtæki.

Gert er ráð fyrir að áfram verði mikil samkeppni í slátrun og kjötiðnaði. Gripið hefur verið til hagræðingaraðgerða til að draga úr útgjöldum auk þess sem fjárfestingar verða lágmarkaðar á árinu. Gert er ráð fyrir að framangreindar aðgerðir og aðstæður á markaði muni leiða til svipaðrar afkomu Sláturfélagsins á árinu 2003 og hún var á árinu á undan.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000.

Reykjavík, 20. febrúar 2003
Sláturfélag Suðurlands svf.